



Húnafingur vestri



AÐALSKIPULAG HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026.

Lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu austan Norðurbrautar á Hvammstanga.

07. 04. 2016



LANDMÓTUN.

Yngvi Þór Loftsson
Margrét Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

| | | |
|-----|--|---|
| 1 | Inngangur | 2 |
| 2 | Aðdragandi og markmið | 2 |
| 3 | Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir | 3 |
| 3.1 | Íbúafjöldi..... | 3 |
| 3.2 | Atvinna | 3 |
| 3.3 | Minjar. | 4 |
| 3.4 | Tengsl við aðrar áætlanir..... | 4 |
| 4 | Staðhættir og skipulagsforsendur | 4 |
| 4.1 | Verslun- og þjónusta | 5 |
| 5 | Umhverfismat áætlunarinnar..... | 6 |
| 6 | Ferli verkefnis | 6 |
| 6.1 | Tíma- og verkáætlun..... | 6 |
| 6.2 | Kynning og samráð | 6 |
| 7 | Heimildaskrá..... | 7 |

Myndaskrá

| | | |
|---------|---|---|
| Mynd 1. | Horft frá Norðurbraut yfir svæðið sem breytingin nær til. | 2 |
| Mynd 2. | Íbúapróun í Húnaþingi vestra 2003-2016. | 3 |
| Mynd 3. | Fjöldi ferðamanna á Íslandi 1949-2015 (Ferðamálastofa 2016). | 4 |
| Mynd 4. | Hluti af staðfest aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026, fyrir þéttbýlið á Hvammstanga. | 4 |

Töfluskrá

| | | |
|----------|--|---|
| Tafla 1. | Fjöldi ferðamanna í upplýsingamiðstöð Húnaþings vestra. | 3 |
| Tafla 2. | Verslunar- og þjónustuvæði á Hvammstanga skv. aðalskipulagi Húnavatns vestra 2014-2026. | 5 |

1 Inngangur

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 var staðfest 7. ágúst 2014. Hér er lögð fram lýsing fyrir breytingu á þéttbýlisuppdrætti Hvammstanga og greinargerð í samræmi við 36. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða breytingu á aðalskipulaginu er unnið að tillögu að breytingu á Deiliskipulagi austan Norðurbrautar sem verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta opnu svæði í verslunar og þjónustusvæði vestan við lóð sláturhússins.



Mynd 1. Horft frá Norðurbraut yfir svæðið sem breytingin nær til.

2 Aðdragandi og markmið

Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Húnaþingi vestra. Fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu hefur margfaldast. Á síðasta ári komu yfir 27 þúsund ferðamanna í upplýsingastöð Húnaþings vestra á Hvammstanga sem er 35% aukning frá árinu áður. Samkvæmt spá Ferðamálastofu mun sá vöxtur halda áfram. Fjölgun ferðamanna kallar á aukna þjónustu en á Hvammstanga er skortur á nýjum lóðum fyrir verslun og þjónustu.

Svæðið er vel til þess fallið að hýsa lóðir fyrir verslun og þjónustu það er við norðurmörk þéttbýlisins á Hvammstanga og austan við svæðið er stór iðnaðarlóð. Tilgangur breytingarinnar er auka framboð af verslunar- og þjónustulóðum,

Í gildandi aðalskipulagi voru markmið sveitarfélagsins fyrir verslun og þjónustu í þéttbýlinu m.a. að leggja áherslu á gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum. Leiðir að markmiðunum eru:

- Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
- Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.


Í leiðum að markmiðum fyrir afþreyingar og ferðamannasvæði segir m.a.

- Að fjölga gistimöguleikum innan svæðisins.

3 Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir

3.1 Íbúafjöldi

Íbúum í Húnaþingi vestra hefur fækkað talsvert á liðnum árum og er Húnaþing vestra eitt þeirra sveitarfélaga sem glímt hefur við viðvarandi fólksfækkun, en íbúum hefur fækkað um 10% frá 1999 til ársins 2016. Samfélagsgerð hefur verið að breytast þar sem yngri aldurshóparnir hafa minnkað á sama tíma og eldri aldurshópar hafa stækkað.



Mynd 2. Íbúaupróun í Húnaþingi vestra 2003-2016.

3.2 Atvinna

Í sóknaráætlun fyrir Norðurland vestra 2015-2019 segir m.a.


- Ráðast þarf í markvissa kynningu landshlutans sem ákjósanlegs svæðis til atvinnuuppbyggingar sem og áhugaverðs áfangastaðar fyrir ferðamenn.
- Efla ber menningartengda ferðaþjónustu og tengsl menningarstarfs við markaðssetningu ferðaþjónustu á svæðinu.

Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Húnaþingi vestra. Fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu hefur margfaldast. Á síðasta ári komu yfir 27 þúsund ferðamanna í upplýsingastöð Húnaþings vestra á Hvammstanga sem er 35% aukning frá árinu áður.

Tafla 1. Fjöldi ferðamanna í upplýsingamiðstöð Húnaþings vestra.

| ÁR | GESTA KOMUR | FJÖLGUN |
|------|-------------|---------|
| 2011 | 4.958 | |
| 2012 | 10.754 | 116% |
| 2013 | 17.389 | 61,7% |
| 2014 | 20.186 | 16,1% |
| 2015 | 27.127 | 34,4% |

Samkvæmt spá Ferðamálastofu mun sá vöxtur halda áfram. Fjölgun ferðamanna kallar á aukna þjónustu en á Hvammstanga er skortur á nýjum lóðum fyrir verslun og þjónustu.



Mynd 3. Fjöldi ferðamanna á Íslandi 1949-2015 (Ferðamálastofa 2016).

3.3 Minjar.

Ekki liggur fyrir fornleifaskráning á fyrirhuguðu breytingarsvæði. Fornleifaskráning mun fara fram þegar unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið í samræmi við ákvæði aðalskipulags Húnaþings vestra.


3.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Þær áætlanir sem horft er til í aðalskipulagsbreytingu þessari eru;

- Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019

4 Staðhættir og skipulagsforsendur

Á svæðinu er graslendi og hallar svæðið um 3-4 m til vesturs. Í aðalskipulagi Húnaþings vestra er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem opið svæði. Mynd 4 sýnir staðfest skipulag Húnaþings vestra og rauð afmörkun sýnir það svæði sem breytingin nær til. Austan við svæðið er iðnarsvæði fyrir sláturhús og vestan við Norðurbraut er óbyggt íbúðarsvæði. Svæðið er við mörk þéttbýlisins Hvammstanga og er vel til þess fallið að hýsa lóðir fyrir verslun og þjónustu.



Mynd 4. Hluti af staðfest aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026, fyrir þéttbýlið á Hvammstanga.

4.1 Verslun og þjónusta

Í aðalskipulagi Húnaþings vestra eru átta verslunar- og þjónustusvæði skilgreind á Hvammstanga, sjá töflu 2. Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6:

Eftirfarandi svæði á Hvammstanga eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði

Tafla 2. Verslunar- og þjónustusvæði á Hvammstanga skv. aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.

| Nr. | Heiti svæðis | Lýsing | Stærð ha |
|------|------------------|--|----------|
| VP-1 | Tanginn | Svæði á Tangangum. | 0,9 |
| VP-2 | Húnabraut | Verslunarsvæði við Húnabraut | 0.21 |
| VP-3 | Verslun | Verslunarsvæði | 0,06 |
| VP-4 | Norðurbraut | Veitinga- og gísthús við Norðurbraut. | 0,26 |
| VP-5 | Brekkugata | Verslanir austan og vestan Brekkugötu | 0,8 |
| VP-6 | Hvammstangabraut | Svæði fyrir verslun og þjónustu | 0,16 |
| VP-7 | Verslunarsvæði | Veitinga- og bensínsala við Hvammstangabraut | 0,22 |
| VP-8 | Brandsvöllur | Smáhýsi í Kirkjuhvammi. | 1,0 ha |



5 Umhverfismat áætlunarinnar

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur að markmiði að taka tillit til umhverfisverndarsjónarmiða og draga úr áhrifum á umhverfi. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda nr. 106/2000.

6 Ferli verkefnis

6.1 Tíma- og verkáætlun

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

1. Lýsing aðalskipulagsbreytingar afgangi af skipulagsnefnd og samþykkt í sveitarstjórn. Áætlaður tími: apríl 2016.
2. Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila apríl 2016.
3. Lýsing er kynnt almenningi og hagsmunaaðilum. Áætlaður tími: apríl 2016.
4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Áætlaður tími: júní 2016.
5. Tillaga kynnt í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn. Áætlaður tími júní 2016.
6. Tillaga kynnt fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum, júní 2016.
7. Lögformlegt auglýsingaferli og umfjöllun. Áætlaður tími: júní-júlí 2016.

6.2 Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Þar með er umsagnaraðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og til sýnis í ráðhúsi Húnaþings vestra að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga og heimasíðunni hunathing.is.

Helstu umsagnaraðilar eru

- Skipulagsstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun
- Umhverfisstofnun
- Samgöngustofa
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni tillögu er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.

7 Heimildaskrá

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.

Ferðamálastofa. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2015

<http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2015>.

Deiliskipulag austan Norðurbrautar á Hvammstanga 2011, br. 2012 og 2015

á Hvammstanga Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2016 - Sveitarfélagaskipan hvers árs.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.